

L Ö G

8

18. jan.

um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúendum Holts í Árnessýslu, þeim Sigurgrími Jónssyni, Vernharði, Herði og Jóni Sigurgrímssonum, eyðijörðina Breiðumýrarholt fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta, enda séu færðar sönnur á, að býlum verði fjölgað í Holti.
2. Að selja eigendum og ábúendum jarðanna Smjördala, Nýjabæjar og Ljónsstaða í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu, þeim Jóni Þorkelssyni, Þorsteini Brynjólfssyni og Leó Viggó Johnsen, hverjum um sig hluta úr Þjóðjörðinni Smjördala-Norðurkoti í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta hvern hluta, enda falli ábúendur, hver um sig, frá forkaupsrétti að áveitulöndum þeim (svonefndri Hrísmýri), sem þeir hafa áður afsalað ríkissjóði til greiðslu á áveituskatti.
3. Að hafa makaskipti á löndum við Hafnarfjarðarkaupstað þannig, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái hluta af landi skógræktar ríkisins í landi Þorbjarnarstaða og Straums í Garðahreppi, en láti skógrækt ríkisins hafa þar á móti land í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

9

27. jan.

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Spánar.

Með erindaskiptum í Madrid hinn 31. desember 1955 var viðskiptasamningur Íslands og Spánar frá 17. desember 1949 (Stj.tíð. A. 5/1950) framlengdur óbreyttur til ársloka 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 27. janúar 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.